

EVROPSKIR VEGIR STJORNUMERKTIR ÖRYGGISINS VEGNA



Lokaskýrsla fyrsta áfanga 2010



FÉLAG ÍSLENSKRA
BIFREIÐAEIGENDA

European
Road
Assessment
Programme

Efnisyfirlit:

- Bls. 1 Ávarp John Dawson, formanns EuroRAP og iRAP.
- Bls. 2 Ávarp Kristjáns L. Möller, samgönguráðherra.
- Bls. 3 Ávarp Steinþórs Jónssonar formanns FÍB.
- Bls. 5 EuroRAP – Bent á slysaáhrifum.
- Bls. 7 5 stjörnu bílar á 5 stjörnu vegum.
- Bls. 9 EuroRAP bifreiðin og kostunaraðilar hennar.
- Bls. 10 Útskýringar helstu atriða – starfsmenn EuroRAP.
- Bls. 11 Niðurstöður EuroRAP vegrýninnar 2006-2008.
- Bls. 16 Slysakort RRM.
- Bls. 18 Yfirlit skoðaðra vega.
- Bls. 19 Áhættukort RPS.
- Bls. 53 Hraðakort.
- Bls. 63 Tölur eftir vegum.

Fjármögnun EuroRAP verkefnisins



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



Rannsóknarsjóður



UMFERÐARSTOFA

Tæknileg aðstoð og gögn



Loftmyndir ehf



VEGAGERÐIN



Tölvuráð ehf

Every day driving errors should not be punished by a death sentence



EuroRAP, the European Road Assessment Programme, commenced in 2000 as a radical initiative to support the delivery of the 50% European casualty reduction target.

Eftir John Dawson. Höfundur er formaður stjórnar EuroRAP.


measure road safety performance. Risk Mapping produces colour coded maps showing the risk of death and serious injury that road-users face on different roads with extra mapping for road authorities.

Performance Tracking identifies whether fewer people are being killed or seriously injured on a road over time and shows what counter-measures are most effective.

Star Rating shows how well a road protects a road user if a crash were to occur. The latest report From Arctic to Mediterranean (www.eurorap.org) sets out progress using these protocols in 20 countries.

In Iceland, vehicle safety, driver behaviour and education are relatively good; however the road system is partly undeveloped. Therefore, there is a great opportunity to learn from other EuroRAP countries to make substantial safety improvements to the road network. Iceland has already proven its ability to implement new ideas with the new 2+1 road, and has the potential to provide an excellent base for demonstrations of good practice in the future.

The recent pilot road inspections around the capital city of Reykjavik, precede more extensive coverage of the Icelandic road network. Given the size of the road network in Iceland, there is great potential for the first time to inspect a country's entire road network.



John Dawson
Formaður EuroRAP og iRAP.



EuroRAP is a consumer facing sister programme to EuroNCAP which crash tests new cars and awards star ratings. EuroRAP, an international non-profit association registered in Belgium, has become a unique Association through which the stakeholders in a safe road system – users, road authorities and vehicle manufacturers – develop and promote safer infrastructure.

Most serious accidents leading to death or serious injury have several contributory factors. Putting any one of them right can prevent a crash with serious consequences. EuroRAP is revealing hundreds of stretches of roads across Europe where death and serious injury are routine and predictable – and avoidable with changes to road design and layout.

Even those who obey the rules of the road make errors when they drive. But everyday driving errors should not be punished by a death sentence. Roads can be designed and laid out so that they do not invite mistakes and, when mistakes do happen, they do not result in high energy collisions that kill.

EuroRAP has developed three protocols to



Verðmæt og nauðsynleg gæðaúttekt

Gæðamatið á íslenska vegakerfinu eftir EuroRAP kerfinu heldur enn áfram og nú hefur verið farið yfir 3.600 km alls. Það þýðir að allir helstu vegir landsins hafa nú verið metnir með þessari gæðaúttekt og mun Ísland vera með fyrstu löndum heims sem ná því. Það er verðmætur áfangi.

Næsti mikilvægi áfangi í þessu gæðamati er úttektin á jarðgöngum. Hvalfjarðargöng hafa þegar verið tekin út og síðan verður haldið áfram með hver göngin á fætur öðrum. Þá er líka rétt að nefna að nú þegar önnur umferð hefst á þessu verkefni eru enn fleiri atriði skoðuð en verið hefur. Í upphafi var mikil áhersla lögð á að taka út umhverfi veganna en nú bætast við fjölmörg atriði sem snerta yfirborð vega, breidd, vegaxlir, merkingar og fleira. Um leið verður nú í annarri umferð metið hvernig gengið hefur með umbætur sem bent var á í fyrstu skoðun.

Samkvæmt úttektinni er 27,56% vegakerfisins nú með tvær stjörnur og 72,15% er með þrjár stjörnur. Þessar tölur sýna að við þurfum að herða róðurinn. Við þurfum bæði að lengja kaflana sem fá 3 stjörnur og komast í fjögurra stjörnu flokkinn með bestu vegina. Við viljum gott og öruggt vegakerfi. Staðlað gæðamat á vegakerfinu eins og þessi úttekt, er samgöngu-yfirvöldum til leiðbeiningar og aðhalds hvað þetta varðar.

Með því getum við lagað varasama staði og haldið áfram að leggja nýja vegi samkvæmt bestu öryggisstöðlum. Við vitum að fjármagn til vegaframkvæmda og viðhalds vega verður talsvert minna á næstu árum en verið hefur. Af þeim sökum er afar mikilvægt að spila rétt úr þeim fjármunum og leggja áherslu á að bæta ástandið þar sem það er brýnt og koma upp göðum, varanlegum og öruggum vegum á þeim svæðum sem því verkefni er enn ólokið.

EuroRAP gæðamatið er góð leiðbeining á þessu sviði og ég endurtek hér það sem ég hef áður lagt áherslu á: Fjármagn sem lagt er í gott vegakerfi sem byggt er eftir stöðlum sem stuðla að öruggri umferð er arðsöm fjárfesting. Höldum áfram á þeirri braut. Um leið vil ég minna á að þrátt fyrir að vegakerfið fari batnandi og bílar verði sífellt öruggari er ábyrgðin í umferðinni fyrst og síðast hjá öikumanninum, við þurfum að fara að reglum og haga akstri eftir aðstæðum.

Ég vil að lokum þakka fyrir það mikilvæga starf sem unnið er með EuroRAP-verkefninu. Það hefur þegar skila okkur nokkrum skrefum fram á við og ég vænti þess að við eigum eftir að stíga fleiri skref á þeirri braut.

Kristján L. Möller
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.



Ísland án banaslysa í umferðinni fyrir árið 2015?


Á heimsráðstefnu á vegum "Make Roads Safe" um öryggi vega sem haldin var í Róm í fyrra var kynnt herferð til fækkunar banaslysa í umferðinni á heimsvísu undir kjörorðinu "Call for a decade of action for road safety. Herferð þar sem allir eiga að geta lagt sitt að mörkum s.s. ríkisstjórnir, sveitarfélög, félagasamtök sem og almenningur allur.

Frá upphafi hefur örugg umferð verið eitt af höfuðmarkmiðum FÍB og hefur félagið starfað ötulllega að umferðaröryggismálum í anda umferðaröryggismarkmiða sinna allt frá stofnun félagsins 1932. EuroRAP verkefnið sem félagið hefur unnið að og skýrsla þessi fjallar um, er eitt stærsta einstaka verkefnið sem félagið hefur tekið á hendur og fullyrða má að það hafi borið góðan ávöxt. En EuroRAP vegrýniverkefnið er þó einungis áfangi og verkfæri sem bendir á og skilgreinir slysgildrur í vegakerfinu svo fækka megi slösuðum og látnum í umferðinni. En hið endanlega markmið er þó háleitar - það er að útrýma dauðaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni fyrir árið 2015.

Er það mögulegt? Við hjá FÍB teljum að svo sé vissulega. Fyrir nokkrum áratugum leið varla



Höfundur tv. ásamt Lord Robertson framkvæmdastjóra heimsverkefnisins -Gerum veg-



Icelandic Automobile Association

sú vika að ekki væru sagðar fréttir af stórslysum á sjó og stórslysum í flugi hér á landi. Þá var álit margra að sjóslys væru óhjákvæmilegur fórnarkostnaður þjóðar sem byggði allt sitt á sjósókn og orðtakið -Hafið gaf, hafið tók, var fólki tamt á tungu.

En það voru ekki allir sama sinnis sem betur fer. Sterkt og markvisst átak hefur skilað okkur þeim árangri að banaslys og alvarleg slys á sjó eru fágæt og sömu sögu er að segja af flugslysum. Menn stefndu að núlllausn í þessum samgöngugreinum og náðu markmiðum sínum að stærstum hluta með því að innleiða notkun hverskonar öryggisbúnaðar og breyta reglum og verklagi í greinunum í því skyni að forða slysum. Viðhorfsbreyting varð hjá almenningsi og starfsfólki í sjómennsku og flugi og nú þykir engum lengur sjálfsgætt að setta sig við slysin. Hversvegna skyldi það sama ekki vera mögulegt í umferðinni?

Á sama hátt og stefnt var markvisst að núlllausninni á sjónum og í fluginu ber okkur næst að stefna að núlllausn í umferðinni. Og við erum sannarlega ekki ein á báti í þeim efnum heldur njótum við stuðnings FIA, heimssamtaka bifreiðaeigendafélaga og njótum þeirrar kunnáttu og þekkingar sem samtökin búa yfir.

Í ræðu Lord Robertson, fyrrverandi framkvæmdarsjóra NATO á fyrrnefndum Rómarsfundinum kom fram hve mikilvægt það er að herferðin Make Roads Safe, eða gerum vegina örugga, skili árangri. Í dag eru dauðsföll í umferðarslysum meira en helmingi fleiri en vegna alnæmis og margfalt fleiri en t.d. vegna malaríu og berkla svo eitthvað sé nefnt. Á Rómarsfundinum gerði framkvæmdarstjóri Alþjóðabankans skilmerkilega grein fyrir þeim gríðarlega

efnahagslega árangri sem aðgerðir til fækkunar slysa skila. En til að það gerist verða pólitískar umræður að færa úr orðum í aðgerðir og þá munum við sjá árangur.

Alheimsátak

Með samstilltu alþjóðlegu átaki á heimsvísu er markmiðið að fækka látnum í umferðinni um 5 milljónir og 50 milljónum frá alvarlegum áverkum og markar þessi áætlun mikilvægan áfangi á baráttunni. Ef ekkert verður aðhafst er gert ráð fyrir að banaslysum fjölgi um 10% á ári frá árinu 2010 til ársins 2020 eins og fram kemur á meðfylgjandi töflu og verði 1,9 milljónir árlega. Með aðgerðum er hins vegna stefnt að því að snúa þessari þróun við og í stað fjölgunar banaslysa á hverju ári þá muni þeim fækka á ársgrundvelli frá árinu 2012 til 2020 þannig að heildarfjöldi látinna verði 900.000 þúsund á ári eða rúmlega 50% færri en núgildandi áætlanir gera ráð fyrir.

Við erum á réttri leið. Undanfarin tæp þrjú ár hefur átt sér stað jákvæð þróun varðandi fækkun banaslysa í umferðinni, og aldrei hafa þau orðið færri tvö ár í röð á síðustu 40 árum. Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa á þessu tímabili er hvergi lægri í Evrópu en á Íslandi. Vonandi tekst að halda áfram á sömu braut á þessu ári með aukinni vitund fólks um mikilvægi ýmissa öryggisþátta í akstri. Þennan árangur má þakka hinum ýmsu aðilum sem hér vinna óeigingjarnt starf í forvarnarmálum í umferðinni ásamt samstilltu átaki FÍB, Umferðarstofu, Samgönguyfirvalda og fl. Eftir 9 ára aðkomu að umferðaröryggismálum þá hafa hagnunaaðilar aldrei unnið eins vel saman og nú er gert en það er grundvöllur árangurs.



Frá samgönguráðherrafundinum í Moskvu. Í forgrunni með mynd af íslenskum malarvegi undir regnboga er Jean Todt, forseti FiA. Lengst til vinstri er Steinþór Jónsson formaður FÍB, þá Ólafur Kr. Guðmundsson varaformaður FÍB, Michelle Yeoh kvikmyndaleikkona og umferðaröryggissendiherra FiA, Jean Todt, David Ward og Hildur Sigurðardóttir eiginkona Steinþórs Jónssonar.

Öflugt forvarnastarf FÍB

Á vegum Félags íslenskra bifreiðaeiganda er í dag unnið öflugt starf í forvörnum m.a. með EuroRAP (European Road Assessment Program) og með upplýsingum og útgáfu fræðsluefnis sem hefur þann tilgang að stuðla að ábyrgri hegðun allra í umferðinni. Við viljum í samvinnu við félagsmenn, stjórnvöld og landsmenn alla stuðla að því að enginn slasist eða farist í umferðinni. Vegfarendum, hvort sem þeir ferðast í almenningssamgöngutækjum, á vélknúnum farartækjum, hjóli eða á gangi í umferðinni sé tryggt hámarks öryggi þegar saman fara fimm stjörnu öukumenn á fimm stjörnu vegum í fimm stjörnu farartækjum.

Vitundarvakning

Fjölmiðlar vilja því miður frekar ræða umferðarmál og leiðir í baráttunni um fækkun slysa í kjölfar alvarlegra slysa í stað þess að auka umræðuna þegar árangur er hvað mestur og sjáanlegur.

Fram til þessa hafa umferðaröryggismál ekki náð inn á þjóðþing landa og Sameinuðu þjóðanna á sama hátt og mörg önnur mál sem að almenningi beinast. Þetta er nú að breytast og er það vegna markvissar vinnu Lord Robertsson og Commission for Global Road Safety. Markhóparnir eru stjórnámamenn og fjölmiðlafólk. Með því að koma umferðaröryggismálum á dagskrá á faglegan hátt er lagður grunnur að árangri til framtíðar.

Fjöldi stjórnámamanna og annarra hafa lagt þessu máli lið á undanförunum misserum. Þar



má nefna Bill Clinton, Michael Schumacher, Tony Blair, Desmond Tutu, Michelle Yeoh, Michael Palin og margra fleiri.

Tími til aðgerða

Meðfylgjandi áætlun hefur nú verið sett upp myndrænt og hefur formlega verið afhent samgönguráðherra, og var afhent Michael Todt, nýlega kjörnum forseta FiA á heimsfundum samgönguráðherra sem FiA og Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir í Moskvu í nóvember sl. Þar kynnti FÍB þessa metnaðarfullu framtíðarsýn Íslendinga.

Þar fékk rödd Íslands að heyrast á alþjóðlegum vettvangi með jákvæðum árangri sem leiðandi þjóð í árangri í fækkun umferðarslysa.

Höldum ótraud áfram góðu starfi í þágu öryggis á vegum landsins. Það er komin tími til aðgerða – tími til að taka forystu í umferðaröryggismálum á heimsvísu.



Meginleiðir íslenska vegakerfisins hafa nú verið gæðametnar:

EuroRAP bendir á slysastaðina

Undanfarin ár hafa á vegum Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, verið gerðar athuganir á gæðum íslenskra vega undir merkjum EuroRAP. EuroRAP er skammstöfun fyrir European Road Assessment Program - verkefni sem samtök bifreiðaeigendafélaga FIA hleyptu af stokkunum fyrir fáum árum.

Margir kannast við annað og litlu eldra verkefni FIA af svipuðum toga, en það er EuroNCAP (European New Car Assessment Program) sem árekstursprófar nýja bíla og stjórnúmerkir þá eftir því hversu vel þeir verja fólkid í bílnum ef slys á sér stað.

Innleiðing EuroRAP

Forsaga EuroRAP á Íslandi er sú, að á ráðstefnu í London í upphafi árs 2004, sem fulltrúar frá FÍB og Vátryggingafélagi Íslands sóttu, var kynning á þessu verkefni, sem þá var nýhafið í Englandi, Hollandi og Svíþjóð. Stjórn FÍB

samþykkti nokkru síðar að þetta væri verkefni sem ætti mikið erindi til Íslands og undirbúningur að aðild hófst. Árið eftir gerðist FÍB aðili að EuroRAP og kynningarferill hófst á Íslandi. Verkefnið var kynnt fyrir samgönguráðuneytinu, Vegagerðinni, Umferðarráði og fleiri aðilum.

Þáverandi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson tók strax vel undir nauðsyn þess, að óháð úttekt væri gerð á íslenska vegakerfinu og ráðuneytið studdi það að verkefnið yrði sett af stað. Fjármagn til undirbúnings var lagt til af Umferðarstofu, tæki keypt, skoðunarbill tekinn í notkun og útbúinn og þjálfunarferill settur af stað. Tveir Svíar frá verkfræðifyrirtækinu SWECO komu til landsins og sáu um þjálfunina, ásamt því að gera forkönnun á Íslandi, þar sem 175 km. voru skoðaðir og fyrsta skýrsla gefin út í kjölfar þess í lok ársins 2005.

EuroNCAP verkefnið hefur leitt til þess að nýir bílar eru nú miklu betur byggðir og veita fólkinu sem í þeim er mun betri vernd í árekstrum og útafkeyrslum en bílar gerðu áður. Verkefnið hefur orðið til þess að veita bílaiðnaðinum bæði aðhald og hvatningu til að byggja öruggari bíla.

Á samskonar hátt er EuroRAP verkefnið til þess ætlað að veita vegagerðarfólki og

veghöldurum aðhald og hvatningu til að gera öruggari vegi og gera úrbætur á varasömum og hættulegum vegum með því að lagfæra slysgildrur. Áhrifa þess er þegar farið að gæta, t.d. í Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og víðar þar sem dauðaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni hefur fækkað ár frá ári eftir því sem úrbætur hafa verið gerðar í vegakerfinu eftir EuroRAP athugun.

Alfarið ábyrgð ökumanna

Hér á landi hefur það verið ríkjandi sjónarmið hingað til að vegir tengi saman staði og héruð fyrst og fremst. Sjálf vegtengingin er forgangsmál en minna hefur verið hugað að því að umferðaræðin sé örugg. Öryggisþættinum hefur einfaldlega verið nánast alfarið velt yfir á herðar ökumanna sjálfra. Þegar slys verða er það bara ökumönnum að kenna, þeir óku einhvernveginn öðruvísi en þeir hefðu átt að gera.

En höfum við efni á að horfa einungis í eina átt? Höfum við efni á að sætta okkur við það sem hvert annað hundsbit eða „eðlilegan“ fórnarkostnað að missa sem svarar einni fullskipaðri Fokker flugvél í innanlandsflugi annað hvert ár að meðaltali? Miðað við umfang umferðarslysa og lífs- og líkamstjón sem af þeim hlýst er tómlæti og áhugaleysi gagnvart

Slysalaus og örugg umferð er það sem ber að stefna að.





EuroRAP mælingabíllinn. Við bíllinn standa þeir Ólafur Guðmundsson verkefnisstjóri EuroRAP á Íslandi og Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB.

3.600 EuroRAP kílómetrar á Íslandi

Eitt af því sem gert er í vegryni EuroRAP er að benda á og skilgreina þá þætti á vegum eða í umhverfi vega sem valdið geta slysi og/eða afleiðingar þeirra verri. EuroRAP á Íslandi, eins og annars staðar, er því eins konar gæðamat.

Við það er fylgt alþjóðlegum stöðlum og vegunum gefnar allt að fjórar stjórnur eftir eftir því hversu öruggir þeir eru fyrir vegfarendur. Nú liggja fyrir niðurstöður rannsóknar á samtals 3.600 km af íslenska þjóðvegakerfinu.

Niðurstöðurnar hafa verið kynntar fjölmiðlum og fjölmörgum öðrum. Við eitt slíkt tækifæri sagði Kristján L. Möller samgönguráðherra að EuroRAP-verkefnið á Íslandi væri að komast af eins konar tilraunastigi og það ætti hikstalaust að vera verkefni til framtíðar.

Staðlað gæðamat á vegakerfinu sem hefur þann tilgang að sýna fram á beina kosti þess og galla er nauðsynlegt. Þetta er blákalat mat á því hvort vegir og önnur umferðarmannvirki eru örugg og ef svo er ekki þá er með rökum sýnt fram á hvað unnt er að gera til úrbóta.

Allt miðar þetta að því að auka öryggi með því að draga úr slysa-hættu og fari eitthvað úrskaiðis í umferðinni þá auki ekki vegir og umferðarmannvirki á meiðsli manna heldur dragi úr þeim,“ sagði samgönguráðherra.

Þegar niðurstöður EuroRAP rannsóknarinn-

ar á samtals 3.600 km af íslenska þjóðvegakerfinu er skoðaðar kemur margt áhugavert í ljós:


- 1. Á 720 af 4.900 km. veghliða er meira en 5 metra fall fram af vegi og flái veghliðarinnar minni en 1 metri niður á móti 3 metrum út frá veginum. (1:3). Lágmark í t.d. Svíþróð eru 1:4. Sé fláinn minni skal setja vegrið.**
- 2. Flái á veghliðum 1:2 eða minna og fall meira en 1.5 metrar eru á 383 km. af þeim 4.900 km. sem skoðaðir hafa verið.**
- 3. Breidd vegar er víðast hvar of lítil og má nefna sem dæmi að á 1.106 af 3.000 km er slitlagsbreidd undir 6 metrum en samkvæmt Evrópskum vegstöðlum dregur svo mjór vegur gæði og öryggi vegarins töluvert niður.**
- 4. Víða er hægt að auka öryggi vegfarenda á tiltölulega einfaldan og ódýran hátt með því að fjarlægja grjót og aðrar fyrirstöður í nágrenni vega, slétta úr, fylla upp í skurði o.s.frv.**
- 5. Hægt er að auka öryggi vega töluvert með því að setja upp ljósa- og skiltastaura sem brotna auðveldlega við árekstur.**

- 6. Tvöfaldur kaflí Reykjanesbrautar fær 3 stjórnur af 4 mögulegum í athugun EuroRAP. Að mati EuroRAP fengi brautin 4 stjórnur ef sett yrðu upp vegrið til sitt hvorra hliða brautarinnar og á milli akbrauta, jafnvel þótt leyfður hámarks-hraði yrði aukinn um 20km, eða í 110 km/klst. Meira að segja þótt hraðinn við slíkar kringumstæður væri aukinn í 120 km/klst., myndi vegurinn halda 4 stjórnur.**

- 7. Ljósastaurar við vegi sem notaðir eru á Íslandi hafa ekki verið árekstraprófaðir samkvæmt Evrópustöðlum. Sama á við fjölda annarra hluta sem settir eru við vegi.**

Það skal tekið fram að víða er verið að vinna í úrbótum á vegum landsins. Sem dæmi má nefna að Vegagerðin hefur undanfarin misseri unnið að uppsetningu vegriða og víða lagfært og lengt þau sem fyrir eru. Þá er hönnun og vinna við nýja vegi á síðastliðnu ári mun betri en áður hefur tíðkast enda hefur Vegagerðin tekið upp nýjar vinnureglur.

5 stjörnu bílar á 5 stjörnu vegum



Markmið EuroRAP eru „Fimm stjörnu bílar á fimm stjörnu vegum“ en fyrirhugað er að hækka stjörnugjöf vega úr fjórum stjörnum upp í fimm innan skamms.

EuroRAP öryggisflokkunin er mikilvægt tæki fyrir vegahönnuði, m.a. til að mæla áhættu og bera saman öryggi mismunandi vega. Um er að ræða óháð gæðaeftirlit með vegum en verkefnið er þó unnið í náninni samvinnu við yfirvöld og veghaldara á hverjum stað. Með þessu fæst jafnframt marktækur samanburður á íslenskum vegum við vegi annarstaðar í heiminum. Vegirnir eru skoðaðir aftur á 3 ára fresti og þannig fæst mat á úrbótum og þær niðurstöður settar fram sem árangursmat (Performance Tracking).

Aukin áhersla á öryggi vega

Á undanförunum árum hafa sjónir manna beinst mun meir að mikilvægi þess að vegir og umhverfi þeirra þyrmi þeim sem lenda í

umferðaróhappi. Þá er átt við að ef óhapp á sér stað að þá skuli hönnun vegar og nánasta umhverfi hans vera þannig að sem minnstar líkur séu á líkamstjóni. Í skýrslu EuroRAP kemur fram að í Svíþjóð sem býr við eitt öruggasta vegakerfi í heiminum, er litið svo á að með endurbótum og auknum gæðum vegakerfisins megi fækka slysum um tæp 60% á meðan breytt hegðun ökumanna geti aðeins stuðlað að 15% fækkun slysa. Af þessu má ljóst vera hve miklu máli skiptir að samgöngumannvirki og umhverfi þeirra séu sem öruggust og uppfylli þær kröfur sem EuroRAP gerir til fjögurra stjörnu vega. Ekki má þó gleyma því að öryggi vegfarenda grundvallast af því að ökumaður hagi akstri sínum samkvæmt aðstæðum hverju sinni.

Betri vegir bjarga mannlífum

Slagorðið „betri vegir bjarga mannlífum“ hæfir þ.a.l. vel því átaki sem nú hefur verið

hrint í framkvæmd. Á grundvelli EuroRAP gefst kostur á fyrirbyggjandi aðgerðum til fækkunar hættulegra vega – áður en slysin eiga sér stað. Ef lagðar eru saman slysatölur og gæðaúttekt EuroRAP á þeim vegum sem hafa verið rannsakadir kemur í ljós að slysatíðni er hærri á einna stjörnu vegum en fjögurra stjörnu vegum.

Samkeppni um bestu vegina

Í Bretlandi hefur skapast samkeppni milli sveitarfélaga um hver sé með bestu vegina. Við mat á því er m.a. litið til einkunnagjafar EuroRAP á vegunum og í mörgum tilfellum hefur þurft að gera smávægilegar lagfæringar, á eða við vegi, til þess að hækka einkunn þeirra um að minnsta kosti eina stjörnu. Á þremur árum hefur einnar stjörnu vegum nánast verið útrýmt úr bresku vegakerfi. Í ljós hefur komið að hér á landi þarf oft að kosta litlu til að færa gæði vega upp um eina stjörnu.

Helstu gallar vegakerfisins

- * Ljósastaurar sem ekki eru árekstrar prófaðir.
- * Brúarhandrið sem ekki eru í samræmi við viðurkennda staðla.
- * Hættulegir hlutir við vegi. Ekki árekstraprófaðir.
- * Viðhaldi varnarráðgjafna eftir óhapp er ábótavant.
- * Hátt fall fram af vegum.
- * Breiddir vega.
- * Skilgreiningar á stöðlum og notku narstöðum þeirra.
- * Vantar lista yfir viðurkenndar vörur og aðferðir.
- * Ísland hefur ekki staðfest Vínarsátt mállann um umferð frá 1968.

EuroRAP verkefnið hefur hlotið mjög góðar móttökur í Evrópu og víðar. Með stækkun Evrópusambandsins eru fleiri lönd að bætast við verkefnið. Í því sambandi má nefna Pólland, Tékkland, Slóvakíu, Króatíu o.fl. Evrópusambandið hefur ákveðið að allir helstu flutningavegir Evrópu, TERN (Trans European Road Network) skuli teknir út skv. EuroRAP á næstu árum. Nú eru samskonar verkefni í gangi í Ástralíu, AusRAP og í Bandaríkjunum, US RAP. Sameiginlega koma þau fram undir merkjum iRAP og hafa þessar þrjár stofnanir tekið að sér að aðstoða ýmis ríki Afríku, Suður og Mið-Ameríku og Asíu á sama hátt, sem þróunarverkefni í samvinnu við Alþjóðabankann.

Alþjóðaáttak

Nú hafa þjóðir heims blásið til átakst næstu 10 ár, þar sem markmiðið er að fækka alvarlegum umferðarslysum um 50% til ársins 2020. Þetta var ákveðið á fyrsta umferðaröryggisfundum samgönguráðherra heimsins í Moskvu í nóvember síðastliðnum og staðfest á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í mars 2010. Átakið hefst formlega í haust undir slagorðinu "Decade of Action" eða "Áratugur aðgerða."

Í samvinnu iRAP, Alþjóðabankans og FIA Foundation er gert ráð fyrir að 50% allra vega í heiminum verði öryggisskoðaðir á þessu tímabili, þ.e. frá 2010 til 2020. Verkið er hafið og FÍB tekur fullan þátt í því af bestu getu, ásamt systurfélögum í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu.

Evrópuþjóðirnar munu aðstoða Afríkuríki, Bandaríkjamenn Suður og Mið-Ameríku og Ástralir taka að sér Asíuþjóðir. Nú þegar hafa Kenía, Úganda og Suður-Afríka fengið aðstoð og í febrúar síðastliðnum tók FÍB þátt í þjálfun og úttekt á 3.500 km. í Tanzaníu ásamt ADAC frá Þýskalandi og iRAP.

Áfram haldið á Íslandi

Ákveðið hefur verið að halda EuroRAP verkefniinu áfram á Íslandi. Nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun, þar sem mun fleiri atriði eru

skoðuð en áður og 5 stjörnunni bætt við kerfið. Dæmi um þau atriði sem bætast við eru atriði sem varða veginn sjálfan, auk umhverfis hans. Þar má nefna slit í yfirborði, vegaxlir, yfirborðsmerkingar, breiddir, gerð beyja o.fl.

Í næstu yfirferð verður þessum atriðum bætt við, en einnig verða skoðuð aftur sömu atriði og í fyrstu umferð og úrbætur bornar saman "Performanc Tracking". Árið 2009 voru skoðaðir skv. nýja kerfinu tæplega 500 km. og á árinu 2010 verða skoðaðir sömu vegir og árið 2007, þannig að samtals verða teknir út 2.450 km. í lok þessa árs. 2011 er ætlunin að skoða sömu vegi og voru eknir 2009, þannig að annarri yfirferð lýkur með nýrri skýrslu í kjölfar þess.

Aukaafurðin

Með EuroRAP úttektinni varð einnig til aukaafurð, ef svo má segja, en vídeómyndir eru teknar af öllum vegum þegar úttektin fer fram. Þessi myndbönd hafa núna verið hlutuð niður á staðlaða vegghluta Vegagerðarinnar og ætlunin að gera þau aðgengileg fyrir sem flesta. Með þessu verða til myndbönd af þeim vegum sem EuroRAP hefur skoðað í báðar áttir á mjög aðgengilegan hátt.

Þessar myndatökur muna halda áfram og notaðar til samanburðar og við hönnun og úrbætur í framtíðinni

Þessu til viðbótar er vinna í gangi í samstarfi EuroRAP, Umferðarstofu og Loftmynd ehf. við að koma öllum niðurstöðum EuroRAP á netið í aðgengilegu formi ofan á loftmyndum og ásamt upplýsingum um slys á viðkomandi vegi. Helstu niðurstöður EuroRAP, ásamt slysupplýsingum frá Umferðarstofu eru nú fyrir hendi á internetinu á vef FÍB og Umferðarstofu. Slóðin er: www.us.is/slysakort.html

Það jákvæðasta við þetta verkefni er þó það, að nú er hafin markviss vinna við að greina vegakerfið með EuroRAP og þar með getum við greint betur hvað þarf að laga og forgangsraða um markvissar úrbætur. EuroRAP gengur út á að greina vandann áður en slys eiga sér stað og gera nauðsynlegar lagfæringar kerfisbundið og markviss.

Þá er einnig að hefjast nýtt verkefni EuroTAP, sem er hliðstæð úttekt á veggöngum á Evrópuvísu. Nú þegar hafa 150 jarðgöng verið tekin út í Evrópu og ætlunin að taka til skoðunar 26 veggöng til viðbótar á þessu ári. Þar með verða ein veggöng á Íslandi og fór úttekt á Hvalfjarðargöngum fram nú í vor. Niðurstöður á EuroTAP úttektinni verða birtar innan tíðar.

Til að ná verulegum árangri til öruggari umferðar þarf að hafa þrennt að leiðarljósi. Öruggir bílar, öruggir vegir og örugg hegðun ökumanna. Þessi þrenna sem er sameiginleg ábyrgð allra þeirra sem að umferðarmálum og þátttöku í umferðinni koma.

Ætlun fyrir árið 2008 hefur nú verið uppfyllt. Samkvæmt henni var ætlunin að mæla rúmlega 1.100 km. til viðbótar. Þar með yrðu um 3.600 km. af helstu vegum á landinu gæðaprófaðir. Um var að ræða alla helstu vegi og nánast eingöngu bundið slitlag.

Þar með er Ísland fyrsta landið í EuroRAP verkefniinu til að ljúka yfirferð á vegakerfi sínu. Vegirnir sem skoðaðir hafa verið á þessu ári - 2008 sjást á yfirliti á blaðsíðu 18.



EuroRAP bifreiðin - Mercedes B 200

-hentar verkefninu afar vel



ASKJA



Vátryggingafélag Íslands hf.



Skoðunarbíllinn, bíll EuroRAP á Íslandi er af gerðinni Mercedes Benz B. Það var bifreiðaumboðið Askja sem útvegaði bíllinn en kaup hans og rekstur er hvorutveggja kostað af íslenskum fyrirtækjum sem gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þessa verkefnis.

Auk Öskju eru þessi kostunarfyrirtæki EuroRAP bílsins Goodyear á Íslandi, Lýsing hf, N1, Vátryggingafélag Íslands – VÍS og Samskip.

Bíllinn er afar vel fallinn til þess að skoða íslenska vegi. Hann er fremur hábyggður, í honum er tvöfalt gólf þar sem ýmsum búnaði er komið fyrir og tekur hann því ekki upp rými í farþegarýminu.

Meðal búnaðar í milligólfi bílsins má nefna er ýmis rafbúnaður eins og spennubreytir sem breytir 12 volta jafnstraumi í rafkerfi bílsins í 240 volta riðstraum sem síðan knýr tölvur og tölvutengdan búnað. Af öðrum tæknibúnaði bílsins má nefna ljósmynda- og kvikmyndavél, nákvæmt GPS staðsetningarkerfi sem staðsetur allar mælingar og aðgerðir með mikilli nákvæmni. Nákvæman vegalengdamæli og hraðamæli, G-mæli sem mælir alla krafta sem virka á bíllinn, t.d. í beygjum, við hröðun og hemlun, í hliðarhalla o.s.frv.

Allur þessi búnaður hefur sjálfvirk samskipti við rannsóknatölvu bílsins. Í henni er að finna

allan vegagrunn Vegagerðarinnar en tölvan sér síðan jafnharðan og vegaskoðun fer fram, til þess að allar upplýsingar frá skoðunarmanni og frá myndavélum og staðsetningartækjum fara inn á réttan stað í vegagrunninum. Úr þessu verður þá til heildstæð mynd af ástandi vegarins sem skoðaður er, hvað það er sem er gott við veginn, og hvað það er sem færa mætti til betri vegar.

Það er mikilvægur kostur bílsins hve skoðunarmaður og myndatökuvélar sitja hátt og hafa gott útsýni yfir veginn sem skoðaður er hverju sinni. Bíllinn er rækilega merktur með áberandi gulum lit. Þá eru á honum gul blikkandi vinnuljós, því að nauðsynlegt er að bíllinn sé áberandi því að mælingar fara fram í almennt umferð.



Peir sem unnu verkið.

- Undirbúningur:**
 - ✓ Anders Suo
 - ✓ Bengt Djuvfeld
 - ✓ Ólafur Guðmundsson
 - ✓ Runólfur Ólafsson
- Tæknivinna & myndvinnsla:**
 - ✓ Julian G. Benkov
 - ✓ Ólafur Guðmundsson
- Skoðun:**
 - ✓ Anders Suo
 - ✓ Sofia Blomgren
 - ✓ Ólafur Guðmundsson
- Gagnavinnsla & kort:**
 - ✓ Anders Suo
 - ✓ Ólafur Guðmundsson
- Gerð skýrslu:**
 - ✓ Ólafur Guðmundsson
 - ✓ Stefán Ásgrímsson
- Ráðgjöf:**
 - ✓ John Dawson
 - ✓ Brenda King
 - ✓ Dr. Joanna Hill
 - ✓ Dr. Steve Lawson
 - ✓ Anders Suo
- Ökumenn:**
 - ✓ Anders Suo
 - ✓ Björgvin Ólafsson
 - ✓ Julian G. Benkov
 - ✓ Runólfur Ólafsson
 - ✓ Sigrún Konráðsdóttir
 - ✓ Sindri Fannar Sigbjörnsson



Hvað þýða skýringarnar á töflunum?

Legend

- Safety zone
- sideareaobjects
- Barrier
- Barrier, not CEN approved
- Cut
- Safety zone, point 0-3
- Safety zone, point 3-7
- Safety zone, point 7-10
- Safety zone, stretch 0-3
- Safety zone, stretch 3-7
- Safety zone, stretch 7-10
- Safety zone, stretch > 10
- Settlement
- Slope 1:2
- Slope 1:3

Road Protection score

- ★★★★★
- ★★★★
- ★★★
- ★★
- ★
- Road work

Legend

- Intersection types
- Access
- Crossroads
- Merging, long slip roads
- Merging, no slip road
- Roundabout
- Signalised junction
- T-junction
- T-junction; with left turn lane

Enska	Íslenska.
Safety zone - Side area objects.	Öryggissvæði - Hlutir við vegi.
Barrier	Vegrið
Barrier not CEN	Ósamþykkt vegrið
Cut	Bakki
Safety zone, point 0-3	Öryggissvæði, hlutur 0-3
Safety zone, point 3-7	Öryggissvæði, hlutur 3-7
Safety zone, point 7-10	Öryggissvæði, hlutur 7-10
Safety zone, stretch 0-3	Öryggissvæði, spotti 0-3
Safety zone, stretch 3-7	Öryggissvæði, spotti 3-7
Safety zone, stretch 7-10	Öryggissvæði, spotti 7-10
Safety zone, stretch >10	Öryggissvæði, spotti >10
Settlement	Þéttbýli
Slope 1:2	Flái 1:2
Slope 1:3	Flái 1:3
Intersection type.	Gerð gatnamóta.
Access	Slóði
Crossroads	Gatnamót
Crossroads with left turn lane	Gatnamót, með vinstri beygjurein
Merging, long slip roads	Samruni, löng aðrein
Merging, no slip roads	Samruni, engin aðrein
Roundabout	Hringtorg
Signalised junction	Ljósastýrt gatnamót
T-junction	T-gatnamót
T-junction, with left turn lane.	T-gatnamót, með vinstri beygjurein

Niðurstöður EuroRAP skoðunar 2006 - 2008

Þegar EuroRAP verkefnið hófst á Íslandi áttu margir von á því að íslenska vegakerfið fengi hraklega útreið. Segja má að svo sé þó ekki. Vissulega koma fram mörg atriði og margir staðir þar sem úrbóta er þörf, en einnig eru langir kaflar, þar sem umhverfi vega er með besta móti og engra eða lítilla aðgerða er þörf.

Útkoman úr EuroRAP úttektinni er sett fram á tvennan hátt. Um er að ræða svokölluð áhættukort RRM (Risk rate map), sem eru byggð á slysaögu yfir ákveðið tímabil á hvern veghluta og reiknað inn lengd vegkaflans og umferðarmagn. Þessi kort er nú verið að gefa út fyrir alla Evrópu, og þá lögð aðaláhersla á grunn vegakerfi álfunar, þ.e. svo kallað TERN vegi, (Trans European Road Network). Hinn flokkurinn eru öryggisúttekt vega RPS (Road Protection Score). Þetta er sá hluti EuroRAP á Íslandi, sem mest áhersla hefur verið lögð á. Vegirnir og umhverfi þeirra er skoðað og lagt mat á það hversu vel vegurinn og umhverfi hans tekur við vegfarendum eigi slysa eða óhapp sér stað. Öryggisúttektin (RPS) er sett fram á tvennan hátt. Í fyrsta lagi eru kort af 4 mismunandi gerðum. Fyrst kemur stjórnugjöf yfir heildina, þar sem allir þættir eru vegnir saman. Þá kemur stjórnugjöf fyrir hliðarsvæði vega báðum megin. Meðfylgjandi hliðarsvæðunum

er kort sem sýnir allar gerðir skráningar vegna hliða veganna. Að lokum er kort yfir stjórnugjöf vegna gatnamóta og þá kort með gerðum gatnamóta til viðbótar. Í öðru lagið eru töflur fyrir hvern veg fyrir sig. Töflurnar eru skiptar niður á veghluta vegagerðarinnar, þar sem lengd hvers hluta og umferðarmagn eru tilgreind. Töflurnar sýna síðan nákvæma einkunnargjöf og þá liti sem viðkomandi kafla fær á kortunum. Í fyrsta dálkinum er heildarniðurstaðan, því næst koma vinstri og hægri hlið vegarins, þá einkunnargjöf vegamóta og síðast miðjuskíptingar. Einkunnargjöfin er þannig að ein stjarna er með einkunnargjöfinni frá 0 upp í 1,500. Tvær stjörnur eru 1,501 í 2,500. Þrjár stjörnur eru frá 2,501 til 3,500 og fjórar stjörnur 3,501 og yfir. Eitt af þeim atriðum sem metið er í EuroRAP úttektinni er miðjuskípting vega. Á Íslandi er það atriði fljótafgreitt. Aðgreining gagnstæðra akstursstefna er svo gott sem engin. Einungis Reykjanesbrautin, Vesturlandsvegur að Mosfellsbæ og víraleiðarinn í Svínahrauni koma fram á kortinu yfir miðjuskíptingu. Niðurstaðan varðandi miðjuskíptingu er því 2 stjörnur fyrir allt vegakerfið, nema áðurnefnda kafla, sem fá 3 til 4 stjörnur. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að einungs á Vesturlandsvegi er um að ræða heila veghluta með miðjuskíptingu og því fær sá hluti 4 stjörnur. Á Reykjanesbraut var tvöföldun ekki lokið á heilum veghlutum og því fá þeir kaflar 3 stjörnur. Sama á við í Svínahrauni, þar sem víraleiðarinn nær ekki heilum veghluta. Allir þessir kaflar fengju 4 stjörnur væri því lokið. (Sjá kort á bls.58-59). Þegar allir þættir eru teknir saman er nið-



Ólafur Kr. Guðmundsson verkefnisstjóri EuroRAP á Íslandi.

urstaðan sú, að 0,3% af vegunum fengu 4 stjörnur, 72,15% fengu 3 stjörnur og 27,56% 2 stjörnur. Einungis 0,04% af þeim sem skoðaðir hafa verið fékk 1 stjörnu í heildina, en talsvert er af einnar stjörnu köflum þegar hliðar vega eru skoðaðar sérstaklega. Þess ber að geta, að kaflinn sem fékk 4 stjörnur 0,25% af heildinni, fær þá einkunn vegna þess, að um er að ræða heilan veghluta með 50 km. hámarkshraða. Þetta er hluti af vegi 36, frá Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum, gegnum Þjóðgarðinn að Gjábackavegi. Nú þegar 3,600 km. af íslenska vegakerfinu hafa verið skoðaðar, þá fer að myndast heildstæð mynd af því sem miður fer og helst þarf að bæta. Þegar þau atriði eru dregin saman þá eru nokkur atriði sem skera sig úr, bæði jákvæð og neikvæð.



Jákvæð atriði

Af jákvæðum atriðum verður fyrst að nefna það, sem sumum þykir miður, en þegar um er að ræða öryggi umhverfis vega, þá er það okkar mesta gæfa. Það er skógleysið. Hér eru ekki tré við vegi.

Þegar við berum niðurstöðurnar á Íslandi saman við önnur lönd með hliðstæða vegi, þá er aðalvandamálið þar nálægð trjáa við vegi, enda má rekja fjölda alvarlegra slysa í Evrópu til þess. Í Þýskalandi eru um 600 banaslys á ári vegna áreksturs við tré og um 500 á Bretlands-eyjum.

Mjög víða eru melar, móar og slétt tún meðfram vegum svo kílómetrum skiptir. Í þeim tilfellum eru mjög góð öryggissvæði meðfram vegunum, að því gefnu að hæð fram af þeim sé lítil og fláar ekki of brattir.

Það er alveg óhætt að segja, að EuroRAP verkefninu hefur verið afar vel tekið á Íslandi, meira segja svo vel, að þess er getið á alþjóðafundum EuroRAP. Nú þegar hefur Vegagerðin hafið lagfæringar á ýmsu sem fram hefur komið í EuroRAP úttektunum. Sem dæmi um það má nefna lengingu vegriða og hreinsun grjóts við vegkanta. Uppsetning nýrra vegriða er einnig hafin og notkun á árekstravænum staurum undir skiltum o.fl.

Í ljós kom einnig, að ljósastaurarnir við t.d. Reykjanesbrautina voru ekki með viðurkenn-

